



Samtal um framkvæmd vinnustyttingar Leikskólinn Leikholt

Forsendur

Megin forsenda vinnustyttingarinnar er sú að starfsemi skólans raskist ekki og að skólastarf sé af sömu eða betri gæðum og áður. Einnig er eitt helsta markmið með styttingu vinnuvikunnar að minnka álag og forföll. Meðfylgjandi er yfirlýsing um að umrædd útfærsla sé samræmi við þær forsendur og þau markmið.

Markmið:

- Að gæði skólastarfs séu þau sömu eða betri með fullri vinnustyttingu starfsfólks
- Að bæta andlega, líkamlega og félagslega heilsu starfsfólks.
- Auka stöðuleika í mönnun og auka hagkvæmni í nýtingu fjármuna
- Að minnka forföll og leyfum um helming frá því sem áður var
- Að minnka álag á starfsfólki með bættri samþættingu vinnu og einkalífs

Samtal

Samtal um frekari styttingu vinnuvikunar fór fram á starfsmannafundi þann 23. ágúst 2022

Tillaga að útfærslu var send starfsfólki í póst þar sem fram kom hugmynd um að fella niður kaffitíma og taka styttinguna út í frídögum fyrir fólk í 100% starfshlutfalli.

Rætt var um að tillagan myndi vera til prufu og því endurskoðuð.

Á starfsmannafundinum var tillagan rædd og borin upp til atkvæða.²

Var tillagan samþykkt með meirihluta kosningu.

23. ágúst 2022



Leikskólinn Leikholt
Skeiða- og Gnúpverjahreppur

